



# Beiðni um skráningu á byggingarstjóra

Ég undirritaður lóðahafi/eigandi húseignar nr. \_\_\_\_\_ við (heimilisfang) \_\_\_\_\_

Óska hér með eftir að \_\_\_\_\_  
nafn kt.

taki að sér stjórn byggingarframkvæmda skv. ákv. laga nr. 160/2010 og regl. nr. 112/2012 sem byggingarstjóri,

vegna byggingarleyfis nr. BN \_\_\_\_\_

- Húsasmíðameistari  Múrarmeistari  Pípulagningarmeistari  Vélvirkjameistari  Rafvirkjameistari  Byggingariðnfræðingur  
 Arkitekt  Verkfræðingur  Tæknifræðingur  Byggingarfræðingur

Ísafjörður

Undirskrift, kt.

## I Byggingarreglugerð nr. 112/2012 kafli 4.7. um Byggingarstjóra segir m.a.

I grein 4.7.1 um hlutverk byggingarstjóra segir:

Við stjórn byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis skal á hverjum tíma vera einn byggingarstjóri. Óheimilt er að veita byggingarleyfi fyrir framkvæmd nema ráðinn hafi verið byggingarstjóri sem uppfyllir hæfniskröfur reglugerðar þessarar.

Byggingarstjóri er faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfar í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar- eða verksamningi við eiganda. Byggingarstjóri skal gæta réttmætra hagsmuna eiganda gagnvart byggingaryfirvöldum, hönnuðum, iðnmeisturum og öðrum sem að mannvirkjagerðinni koma.

Byggingarstjóri mannvirkis annast innra eftirlit eiganda frá því að byggingarleyfi er gefið út og þar til lokaúttekt hefur farið fram.

Um umboð byggingarstjóra, verksvið og ábyrgð fer eftir ákvæðum laga um mannvirki, þessarar reglugerðar og samningi við eiganda.

I grein 4.7.3, 1. mgr. um starfsleyfi byggingarstjóra segir:

Byggingarstjóri skal hafa starfsleyfi Mannvirkjastofnunar. Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis er aðumsækjandi uppfylli viðeigandi hæfniskröfur skv. þessum hluta reglugerðarinnar, hafi sótt sérstakt námskeið sem Mannvirkjastofnun stendur fyrir og hafi gæðastjórnunarkerfi samkvæmt nánari fyrirmælum þessarar reglugerðar. Starfsleyfi byggingarstjóra skal gefið út til tiltekins tíma. Almennt skal fyrsta starfsleyfi gefið út til fimm ára í senn. Við endurnýjun er heimilt að gefa út starfsleyfi til allt að tíu ára í senn enda hafi byggingarstjóri starfað án áminningar eða sviptingar Mannvirkjastofnunar, sbr. 2.9.3. gr.